

REGLUR UM RANNSÓKNALEYFI

1. GR. MARKMIÐ

Markmið með veitingu rannsóknaleyfa er að stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista, styrkja stöðu Listaháskóla Íslands og auka gæði rannsókna innan hans. Akademískum starfsmönnum með skilgreint rannsóknahlutfall, öðrum en deildarforsetum, er gert kleift að helga sig sjálfstæðum rannsóknastörfum með því að leysa þá tímabundið undan öðrum starfsskyldum.

2. GR. LÝSING

Lengd rannsóknaleyfa eru rúmir 4 mánuðir (17 vikur, eða 85 vinnudagar). Miðað er við að þrjú ár líði á milli rannsóknaleyfa. Í engum tilfellum getur heimild til rannsóknaleyfis safnast upp milli tímabila, og skulu þau rúmast innan samningstíma viðkomandi starfsmanns. Starfsmaður heldur óbreyttum föstum launum og samningsbundnum réttindum meðan á rannsóknaleyfi stendur.

3. GR. SKILYRÐI

- Starfsmaður skal hafa verið samfelldur í starfi í a.m.k. 3 ár við upphaf rannsóknaleyfis og hafa uppfyllt starfsskyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningi. Veikindaleyfi og fæðingarorlof teljast til starfstíma.
- Starfsmaður skal hafa verið virkur í rannsóknum í í a.m.k. 3 ár við upphaf rannsóknaleyfis og hafa skráð afrakstur sinn í gagnagrunn skólans um rannsóknir og nýsköpun.
- Verkefni sem unnið er í rannsóknaleyfi skal vera á því sérsviði sem starfsmaður er ráðinn til við skólann og leiða til miðlunar á opinberum vettvangi að því loknu.

4. GR. UMSÓKNARFERLI OG MAT

- Starfsmaður sækir um á þar til gerðu eyðublaði hjá rannsóknþjónustu skólans eigi síðar en 15. nóvember fyrir rannsóknaleyfi næsta skólaárs, og tilkynnir það næsta yfirmanni.
- Rannsóknþjónusta fer yfir umsóknir með tilliti til formlegra skilyrða og leggur fram greinargerð til rannsóknanefndar.
- Rannsóknanefnd leggur fram mat á umsóknum til rektors ásamt tillögu að forgangs röðun, með tilliti til faglegra skilyrða sem byggjast á gæðakerfi skólans um rannsóknir og nýsköpun á fræðasviði lista.
- Rektor veitir rannsóknaleyfi eigi síðar en 15. desember. Ef um jafna forgangs röðun rannsóknanefndar er að ræða skulu eftirfarandi þættir ráða veitingu leyfa (í þessari röð): 1. Starfsmanni hefur aldrei áður verið veitt rannsóknaleyfi, 2. Starfsaldur, 3. Dreifing rannsóknaleyfa skal vera sem jöfnust milli deilda eða námsbrauta.

5. GR. EFTIRFYLGNI

- 5.1 Við upphaf rannsóknaleyfis gera starfsmaður og deildarforseti samkomulag um tímaramma vegna miðlunar verkefnis á opinberum vettvangi.
- 5.2 Starfsmaður skilar greinargerð um samhengi, aðferðir og ávinning verkefnis til deildarforseta eigi síðar en mánuði eftir opinbera miðlun þess.
- 5.3 Skólinn skipuleggur opinberan umræðuvettvang um verkefni viðkomandi starfsmanns sem rekja má til rannsóknaleyfisins.

Samþykkt af stjórn 19. maí 2015